

# Ársskýrsla Fuglaverndar 2020

Lögð fram á aðalfundi í Reykjavík 15. apríl 2021

Aðalfundur Fuglaverndar 2020 var haldinn í sal Barðstrendingafélagsins þann 10. september 2020. Allir stjórnarmenn gáfu kost á sér áfram en að auki var eitt sæti laust í stjórn. Eitt framboð barst í það sæti frá Skarphéðni G. Þórisssyni og var hann sjálfkjörinn. Skoðunarmaður reikninga var valinn Sigfús Bjarnason og Gunnlaugur Pétursson til vara. Árgjald var ákveðið þetta: einstaklingsaðild 4950 kr., fjölskylduaðild 6050 kr. og ungliða- og ellilífeyrisþegaaðild 3850 kr. Um áramót voru skráðir félagsmenn 1145 og er þá fjölskylduaðild tekin sem einn félagsmaður.

Stjórn Fuglaverndar var skipuð sem hér segir: Ólafur Karl Nielsen formaður, Menja Von Schmalensee varaformaður, Daníel Bergmann gjaldkeri, Trausti Gunnarsson ritari og meðstjórnendur, Erpur Snær Hansen, Snæþór Aðalsteinsson og Skarphéðinn G. Þórisson. Stjórnin hélt fjóra fundi á árinu.

## Rekstur

Skrifstofa Fuglaverndar er í húsnæði félagsins að Hverfisgötu 105. Framkvæmdastjóri í fullu starfi er Hólmfríður Arnardóttir og í hálfu starfi sem markaðs- og samskiptafulltrúi var Dögg Matthíasdóttir en hún hvarf til annarra starfa um áramót. Árgjöld félagsmanna og rausnarlegir styrkir frá Konunglega breska fuglaverndarfélaginu (RSPB) og Umhverfis- og auðlindaráðuneyti stóðu undir rekstri félagsins.

## Umsagnir og umvandanir!

Fuglavernd sendi frá sér 14 umsagnir og umvandanir vegna umhverfismála 2020 og um það má lesa á vef félagsins: [https://fuglavernd.is/heim/um-fuglavernd/alyktanir\\_umsagnir/](https://fuglavernd.is/heim/um-fuglavernd/alyktanir_umsagnir/). Þetta voru m.a. umsagnir um vindmyllugarð í Meðallandi, drög að frumvarpi um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, drög að frumvarpi um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, drög að frumvarpi um hálendisþjóðgarð, drög að reglugerðar um velferð gæludýra, og einnig veittum við umsögn um landhlutaáætlun í skógrækt. Fulltrúar Fuglaverndar funduðu síðar með verkefnisstjórn landsáætlunar um skógrækt og ítrekuðu þar áhyggjur sínar af neikvæðum umhverfisáhrifum stórfelldrar skógræktar. Tvö af ofangreindum málum skipta höfuðmáli varðandi vernd og framtíð íslenskra fugla, þ.e. svokölluð Villidýralög og hins vegar landshlutaáætlun um skógrækt. Villidýralögin marka og skilgreina þann ramma sem unnið verður eftir við fuglavernd næstu ár eða áratugi og því mikilvægt að vel takist til. Gangi metnaðarfullar áætlanir í skógrækt eftir, er ljóst að þær búsvæðabreytingar sem fylgja, þær munu valda hruni mófuglastofna.

Fuglavernd ályktaði um vindmyllur og sendi á Skipulagsstofnun. Fuglavernd viðraði áhyggjur sínar af framtíð votlendis við ósa árinna Tagos í Portúgal við umhverfis- og auðlindaráðherra, og sendi sama erindi til forseta og forsætisráðherra Portúgal. Áætlanir um flugvallarbyggingu ógna þessu svæði en þar eru mikilvæg vetrarheimkynni íslenskra votlendisfugla. Fuglavernd stóð ásamt fleiri náttúruverndarsamtökum og landeigendum að kærni til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna framkvæmdaleyfis Reykhólahrepps til vegalagningar um Teigsskóg. Fuglavernd mótmælti við þar bær yfirvöld fyrirhuguðum framkvæmdum við Ástjórn í Hafnarfirði, fyrirhugaðri

efnislosun í votlendi við Ölfusá í landi Árborgar, og tillögu til þingsályktunar um að heimila veiðar á álf og gæsnum utan hefðbundins veiðitíma.

## Vefur og samfélagsmiðlar

Heimsóknir á fuglavernd.is voru að meðaltali 2.800 (1.900)<sup>1</sup> á mánuði, samtals 24.700 (23.800) heimsóknir yfir árið. Síðuflettingar voru að meðaltali 17.000 (11.150) á mánuði, samtals 204.400 (134.000) yfir árið. Hver notandi skoðaði að meðaltali 6.39 (5,61) síður í heimsókn. En notkun á síðunni hefur því aukist til muna á milli ára.

Fuglavernd átti samskipti á fimm samfélagsmiðlum á árinu í eigin nafni, á Facebook, Twitter, LinkedIn, Youtube og Flickr. Á Facebook eru þrjár síður að auki sem við sjáum að einhverju eða öllu leyti um. Einnig á fuglavernd nú lénin: Protectpuffins.is og fuglarsins.is

	<u>1.01.2020</u>	<u>31.12.2020</u>	<u>% breyting</u>
<a href="https://www.facebook.com/Fuglavernd/">https://www.facebook.com/Fuglavernd/</a>	4507	5023	11
<a href="https://www.facebook.com/fridlandidivatnsmyrinni">https://www.facebook.com/fridlandidivatnsmyrinni</a>	278	329	18
<a href="https://www.facebook.com/svartaibardardal/">https://www.facebook.com/svartaibardardal/</a>	883	907	3
<a href="https://www.facebook.com/groups/fuglafodrun/">https://www.facebook.com/groups/fuglafodrun/</a>	1451	2938	102

<https://twitter.com/fuglavernd>

Fylgjendur: **430** (394)

<https://www.linkedin.com/company/fuglavernd-birdlifeiceland/>

Fylgjendur: **10** (10)

[https://www.youtube.com/channel/UC5z0pajgI8ab-Dtc8p5yAFA?view\\_as=subscriber](https://www.youtube.com/channel/UC5z0pajgI8ab-Dtc8p5yAFA?view_as=subscriber)

Áskrifendur: **10**

<https://www.flickr.com/photos/fuglavernd/>

Fylgjendur: **16**

## Fuglameðafli á grásleppubátum

Áætlað er að 400 þúsund sjófuglar séu veiddir í net á ári, sem meðafli, þar af næstum helmingur í austanverðu Norður-Atlantshafi. Fuglavernd fór af stað með verkefni 2015 til að skoða skráningu á meðafli fugla og sjávarspendýra á grásleppuveiðum og réðum við Biopol í Skagafirði til verksins en áttum líka gott samstarf við félag smábátæiganda, Hafró og Fiskistofu. Núna ætlum við að athuga hvort við getum dregið úr meðafli með sérsniðnum útbúnaði, einskonar baujum sem eiga að fæla fuglana frá netunum. Svipaður útbúnaður var notaður með góðum árangri í Eistlandi til að fæla sjóendur frá fiskislóð. Fuglavernd sótti um styrk bæði til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og til MSC, Marine Steward Council, og fékk styrkinn. Rannsóknin hefst vorið 2022.

---

<sup>1</sup> Tölur í sviga eru frá árinu áður til samanburðar.

## Meintir tjónfuglar

Hér á landi eru leyfðar veiðar á nokkrum tegundum fugla sem ekki eru nýttar til átu. Í einhverjum tilfellum eru veiðarnar stundaðar vegna meints tjóns, en sumar þessara tegunda valda ekki tjóni og því óljóst hvers vegna þær eru ofsóttar. Á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands eru 5 af þessum 7 tegundum. Hvítmáfur, kjói og svartbakur eru metnir í hættu (EN), hrafn í nokkurri hættu (VU), silfurmáfur í yfirvofandi hættu (NT), en gögn vantar til að meta sílamáf. Af tegundunum 7 er hettumáfur sú eina sem ekki er talin vera í hættu. Fuglavernd fékk styrk 2020 til að útbúa alþýðlegt fræðsluefni um fyrrgreindar tegundir og stöðu stofna þeirra. Vonir standa til að það muni leiða til viðhorfsbreytinga í samfélaginu.

## Friðlandið í Flóa

Margir heimsóttu friðlandið, en aðallega voru það Íslendingar í ár. Viðræður voru við sveitarfélagið Árborg um formlega friðlýsingu þessa votlendis, stækkun á friðlandinu og stefnumótun til 2022.

## Hafnarhólmi

Hafnarhólmi á Borgarfirði eystri er að stærstum hluta í eigu Fuglaverndar. Í hólmanum er stór sjófuglabýggð og fjórar tegundir algengar: lundí, æður, rita og fýll. Það er ætlun Fuglaverndar að standa fyrir árlegri vöktun sjófugla í Hafnarhólma og sú vinna hófst 2020 með fulltingi Náttúrufræðistofnunar Íslands. Búið er að meta stærð sjófuglastofnanna, gera úttekt á flóru hólmans og gera stafrænt þrívíddarlíkan að hólmanum. Um niðurstöður 2020 má lesa í skýrslu á vef Fuglaverndar:

## Erlent samstarf

Áframhaldandi samstarf var við Konunglega Breska Fuglaverndarfélagið (RSPB) á árinu. Aðaltengiliður okkar við RSPB er Zbig Karpowicz. Framkvæmdastjóri Fuglaverndar fór til Skotlands í janúar 2020 og sat fund með nokkrum starfsmönnum skosku deildar RSPB, þar sem fjallað var um verndarsvæði í hafi, endurheimt votlendis, og verndun mófugla. Einnig sótti hún heim þjóðgardinn Cairngorm sem RSPB hefur að hluta til umsjón með og kynnti sér stórt verkefni sem kallast Cairngorm Connect en það fjallar um endurheimt landgæða og votlendis. Aðrir erlendir fundir voru fjarfundir.

## Samstarf við Umhverfissráðuneytið

Umhverfissráðuneytið hélt tvo fundi á árinu með umhverfisverndarsamtökum. Annar fundurinn var um verkefna- og rekstrarstyrki til frjálsra félaga á sviði umhverfismála. Á hinum fundinum var farið yfir verkefnasvið ráðuneytisins.

## Innlent samstarf

Framkvæmdastjóri Fuglaverndar, Hólmfríður Arnardóttir, hefur undanfarin ár séð um að finna og tilnefna fulltrúa frjálsra félagasamtaka fyrir hin ýmsu verkefni Umhverfissráðuneytis og stofnana. Hér hefur orðið breyting á og þessi ábyrgð færst yfir á önnur náttúru- og umhverfissamtök. Það má lesa um þetta á vef Fuglaverndar undir fyrirsögninni Hagsmunagæsla. Einnig hefur Fuglavernd verði í

samstarfi við önnur félagasamtök, stofnanir, þekkingarsetur og náttúrustofur um einstaka viðburði sem og veiðistjórnun.

## **Sýningar, fræðslugöngur og viðburðir**

Eins og fyrri ár voru tiltektardagar, viðburðir, fræðslugöngur og fræðslufundi skipulagðir en vegna fjöldatakmarkanna og smitvarna þá féllu flestir þessara viðburða niður. Garðfuglahelgin var haldin að venju 24. til 27. janúar. Fólk var þá beðið að skrá yfir eina klukkustund þá fugla sem heimsóttu garða þeirra. Þátttaka var mjög góð og alls tóku 213 manns þátt og töldu fugla í 152 gördum og samtals sáu 23 tegundir fugla. Við gerum það ekki endasleppt við garðfuglana okkar því heils vetrarlöng könnun hófst svo 26. október 2020 og stendur til 1. maí 2021. Borgarfjarðarhöfn hefur haldið hátíðlegan Lundadaginn nokkur ár í röð, þetta er gert í minningu Magnúsar Þorsteinssonar. Sumardagurinn fyrsti, 23. apríl, varð fyrir valinu. Í maí var Grasagarðurinn heimsóttur, og í tilefni af votlendisdeginum var farið í Grunnafjörð um miðjan maí til að skoða votlendisfugla. Einnig var farið í fuglaskoðun í Vatnsmýri og við Tjörnina í Reykjavík í samstarfi við gönguhópinn *Vesen og vergang* snemma í júní og í lok júní mættu margir til að huga að flórgoðum á Rauðavatni.